

FHU Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Alþingi

Erindi nr. P 138/2313

komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 30. apríl 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.


Almenn umsögn

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir frumvarpsdrögin en þar er gert ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipuleggi og úthluti ræktunarsvæðum meðfram ströndum landsins án samráðs við sveitarfélögin í landinu. Einungis er gert ráð fyrir því að leita umsagna hjá stofnunum ríkisins s.s.

Umhverfisstofnun, Orkustofnun og Matvælastofnun. Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er ekki ætlað neitt hlutverk eða umsögn um skeldýrarækt þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarvörnum, verndun vatns og eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Ekki er heldur gert ráð fyrir aðkomu bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa nema til að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt ína séu í samræmi við skipulag, sbr. 7 grein frumvarpsins. Eðlilegt væri að setja þyrfti skeldýrarækt inn í skipulag sveitarfélaga. Ef frumvarpið verður af lögum er í raun verið að svipta sveitarfélögin réttinum til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem er innan netlaga. Ýmis skipulagsskyld starfsemi sveitarfélaga getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og losun fráveituvatns og því mjög mikilvægt að sveitarfélögin fari með skipulag á strandsvæðum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna bera ábyrgð á samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði m.a. þau sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa telur að verði frumvarpið að lögum stangist það á við reglugerð um varnir gegn mengun vatns auk skipulagslaga. Tryggja þarf aðkomu sveitarfélaga í lögunum.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður